



# Sameinaði hið gamla og hið nýja

● Yfirlitssýning á verkum Ásgerðar Búadóttur opnuð á Kjarvalsstöðum ● Sýningarstjóri segist bera mikla virðingu fyrir listakonunni sem hafi reynt á mörk miðilsins, möguleika hans og takmörkun

Helgi Snær Sigurðsson  
helgisnaer@mbl.is

Lífsfletir nefnist yfirlitssýning á verkum Ásgerðar Búadóttir sem opnuð verður í dag kl. 16 í vestursal Kjarvalsstaða, en í ár eru hundrað ár liðin frá fæðingu hennar. Ásgerður lést árið 2014 og eftir hana liggur merkilegt safn verka enda var hún brautryðjandi á sviði vefjarlistar hér á landi. „Í verkum hennar sameinast aldagamlar aðferðir handverksins og frjáls sköpun nútímamyndlistar,“ segir á vef Listasafns Reykjavíkur sem Kjarvalsstaðir heyrja undir en verk sín vann Ásgerður fyrst og fremst með ull og síðar bættust við hrosshár. Hún nam myndlist við Handíða- og myndlistaskólann og síðar Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn, var þar í málara-deild Wilhelms Lundström. Hún var aftur á móti sjálfmenntuð á sviði vefjarlistar, að frátöldu stuttu kvöldnámskeiði.

Titill sýningarinnar vísar í verkið „Sjö lífsfletir“ sem Ásgerður gerði í minningu sjö myndlistarkvenna sem féllu frá á nokkurra ára tímabili. Í því má sjá sjö samtengda fleti og niður úr því og út á gólf liggur borði með fornöfnum kvennanna. Þar stendur Nína (Tryggvadóttir), Barbara (Árnason), Gerður (Helgadóttir), Ás-laug (frá Heygum), Eyborg (Guðmundsdóttir), Ragnheiður (Jónsdóttir Ream) og María (Ólafsdóttir).

## Langt og vandasamt verk

Sýningarstjóri *Lífsflata* er Aldís Arnardóttir listfræðingur og þegar blaðamaður hittir á hana, nokkrum dögum fyrir opnun, er allt á fullu í vestursal Kjarvalsstaða, starfsmenn önnur kafnir við að merkja fyrir verkum og hengja upp.

Það þarf engan sérfræðing til að sjá að gríðarmikil vinna liggur í verkum Ásgerðar. Vefnaðarlist er enda vandasöm og tímafrek og krefst mikils skipulags, nákvæmni og ekki síst þolinmæði. „Ég held að það taki mjög langan tíma að vefa svona verk og eftir að hún fór að nota hrosshárin



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

**Bláin** Aldís Arnardóttir sýningarstjóri við hlið verksins „Bláin“ eftir Ásgerði Búadóttur, frá árinu 1981.

inn í bættist enn við tímann,“ segir Aldís þegar blaðamaður veltir þessari hlið listarinnar fyrir sér. Hrosshárin komu til sögunnar hjá Ásgerði á seinni hluta sjöunda áratugarsins og segir Aldís að hugmynd hennar hafi verið að fá meira líf í vefinn og hleypa honum meira upp.

–Voru fleiri konur að vinna með ull í vefnaðarlist á sama tíma og Ásgerður?

„Nokkrar voru að vinna á undan henni, t.d. Vigdís Kristjánsdóttir og Júlíana Sveinsdóttir, en Júlíana var að mála líka. Sérstaða Ásgerðar var að hún var menntuð í myndlist og notar eingöngu ull í sína myndlist. En svo fóru fleiri og fleiri að gera það og sérstaklega á áttunda áratugnum, þá varð vakning í því,“ svarar Aldís.

Hún er spurð að því hvers vegna hún sé sýningarstjóri. „Ólöf Kristín, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, bað mig um að taka þetta verkefni að mér og ég hef verið að sökkva mér ofan í Ásgerði síðustu mánuði,“ segir Aldís og segist bera mjög mikla virð-



Ásgerður Búadóttir

ingu fyrir Ásgerði sem listamanni. „Ég er búin að fara í sögunnar allan feril hennar og sjá hvernig hún hefur þróast, byrjar í fígúratífu og fer fljótlega að færa sig yfir í óhlutbundið, abstrakt form með sterkri náttúrutengingu og heldur því í gegn. Hún er alltaf að hugsa um rýmið og gerir mjög fljótt rýjaverk, á sjöunda áratugnum, og er þá líka að hugsa um að vefurinn sé lifandi. Hún er alltaf að reyna á mörk miðilsins, möguleika hans og takmörkun. Svo bætir hún hrosshárinu við þannig að hún er alltaf í þróun og rosalega örugg.“

## Nokkurn veginn í tímaröð

Á sýningunni er lítið yfir feril Ásgerðar og segir Aldís að verkunum sé stillt upp nokkurn veginn í tíma-

röð. „Við byrjum með elstu verkin, þegar hún er að byrja að vefa. Svo kemur tímabil með sléttum vefnaði og rýjavefnaði og svo koma verk þar sem hún er að byrja að nota hrosshárið. Hún byrjar að nota það létt, hafa það laust í og kempt létt yfir og í innsta salnum eru yngstu verkin og þar eru hrosshárin meiri massi, þríhyrningar og ferhyrningar, þéttari form,“ segir Aldís.

Mörg verkanna á sýningunni eru í einkaeigu og segir Aldís að einhver þeirra hafi verið skráð en að öðrum hafi þurft að leita, hringja og spyrjast fyrir. „Það er líka gaman að finna verk og þegar maður er kominn á sporið er manni kannski vísað á eitt-hvað annað,“ segir Aldís og að vel hafi gengið að safna saman verkum fyrir sýninguna. Eigendur verka hafi allir verið fúsir að lána þau.

## Gullverðlaunahafi

Ásgerður var virkur þátttakandi í íslensku og norrænu myndlistarlífi og hlaut gullverðlaun árið 1956 á al-

þjóðlegri list- og handverkssýningu í München sem markaði upphaf að glæsilegum og áhrifamiklum ferli hennar, að því er fram kemur á vef Listasafns Reykjavíkur.

Aldís segir að Ásgerður hafi verið beðin að taka þátt í sýningunni í München og sýnt þar tvö verk frá árinu 1952 sem bæði heita „Stúlka með fugl“. Hlaut Ásgerður verðlaun fyrir bæði verkin á þessari fyrstu alþjóðlegu sýningu sinni eftir að hún fór að vefa, að sögn Aldísar.

Hún sýnir blaðamanni annað verkanna og fer ekki milli mála að þar er stúlka með fugl. Litirnir eru öllu sterkari en í þeim verkum sem Ásgerður varð hvað þekktust fyrir en eins og segir í lýsingu á vef safnsins var litanotkun hennar naum og um miðjan sjöunda áratuginn hóf hún að lita band sjálf og bættust þá við blár indigólítur og rauðir, gulrauðir og rauðbrúnir litatónar.

## Vakning fyrir vefnaði

Aldís segir verk Ásgerðar tala inn í samtímann, það sem sé í gangi í dag hjá ungum listamönnum sem séu margir að fást við vefnað, sauma og þráð. Nefnir Aldís sem dæmi Örnú Ottarsdóttur.

„Það er svolítill vakning fyrir vefnaði,“ segir Aldís og bendir á að Ásgerður hafi líka tvinnnað saman gamlar og nýrri aðferðir. „Í kringum 1978 fer hún að nota það sem er kallað tenning. Það er aldagömul aðferð þar sem þú ert með á víxl dökkkan og ljósan þráð og þá myndast rendur. Þannig að hún notar mjög gamlar aðferðir líka og blandar inn í sín verk. Hið gamla og nútímamyndlist sameinast í verkum hennar.“

Alls hélt Ásgerður 15 einkasýningar á farsælum ferli sínum og tók þátt í um 70 samsýningum bæði hér á landi og víða um heim. Síðasta stóra yfirlitssýningin á verkum hennar var haldin í Listasafni Íslands árið 1994 og síðasta einkasýningin í anddyri Hallgrímskirkju árið 2006. Það ár kom einnig út bókinn *Veftir* um ævi hennar og listamannsferil.